

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

ÁGÚST 2014 • 8. TBL. • 27. ÁRG.



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Sumarnámskeiðin á vegum Seltjarnarnesbæjar voru afar fjölmenn og ævintýrleg þetta sumarið. Eins og seinustu ár samanstanda námskeiðin af þrenns konar námskeiðum. Á myndinni eru hressir krakkar sem voru á Sumarnámskeiði Seltjarnarnesbæjar. Sjá nánar á bls. 7.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

PIZZA
Hæði Hóttur
RESTAURANT

Hringbraut 119
Sími: 562 9292

græn heilsa

Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 - 17.30.

Slökkvitækja-
þjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann
með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Öflugt íþróttalíf á Seltjarnarnesi

Talsverðir möguleikar eru á að lið Gróttu í meistaraflokki í knattspyrnu komist upp um deild nú í haust. Fjórir leikir eru eftir og þarf Gróttu að vinna tvo af þeim leikjum til að komast upp. Krakkarnir af Seltjarnarnesi hafa farið í keppnisferðir til Spánar og leikið þar nokkra leiki. Kvennalið Gróttu í handbolta hefur einnig verið að standa sig vel að undanförunu og nú eru stelpurnar búnar að fá nýja og öfluga félagu til liðs við sig. Þá má geta um fimleikana sem einnig eru öflugir á Seltjarnarnesi og eigum við Seltirningar fimleikakonur í fremstu röð. Lyftingadeild Gróttu hefur einnig verið að stóreflast og eigum við ótrúlegt afreksfólk í þeirri grein. Golfáhuginn hefur alltaf verið að aukast á Seltjarnarnesinu en þar eru langir biðlistar og er orðið tímabært að komið verði til móts við golfarana með stækkun á þeirra svæði. Allt sýnir þetta mikla grósku í íþróttalífinu á Seltjarnarnesi og að við eigum mikið af öflugu og góðu íþróttafólki.

Undirbúningur hjúkrunarheimilis í fullum gangi



Þrátt fyrir að verklegar framkvæmdir við hið nýja hjúkrunarheimili séu ekki hafnar er undirbúningsvinna við hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi komin í fullan gang. Í mörg horn er að líta áður en framkvæmdir á svæðinu hefjast, en opinberar byggingar af þessu tagi fara í gegnum langt og strangt ferli áður en hægt er að hefjast handa.

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjóra Seltjarnarness, Ásgerði Halldórsdóttur, stendur nú yfir vinna að húsrýmisáætlun í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og heilbrigðisráðuneytið. Þá eru arkitektarnir að móta frumdrög að byggingunni þessa dagana, en um 40 rýma húsnæði er að ræða. Ásgerður segir einnig að þegar hönnunar- og skipulagsvinnu sleppi þá sé hjúkrunarheimilið tilbúið til að fara í útboð, en allt tekur þetta sinn tíma.

Tímamót í sögu Seltjarnarness

Bygging hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi markar tímabót í byggingarsögu bæjarfélagsins, en það verður staðsett á einum rómaðasta útsýnisstað bæjarins við Safnatröð. Á heimilinu verður lögð áhersla á að umhverfi og aðbúnaður líkist sem mest hefðbundnum einkaheimilum þar sem ólíkum þörfum heimilisfólks er mætt. Byggingin er á einni hæð, án stiga og gott aðgengi er að henni. Bílastæði og aðstaða til útiveru eru einnig opin og afar aðgengileg. Hið nýja hjúkrunarheimili býður upp á aðstæður sem stuðla að vellíðan þeirra sem þar dvelja, jafnt heimilismanna sem

starfsfólks og aðstandenda. Forsendur byggingarinnar grundvallast á stefnu og viðmiðum velferðarráðuneytisins í öldrunarmálum. Stefnt er að því að heimilið verði tilbúið til notkunar um áramótin 2015/2016. Seltjarnarnesbær annast hönnun og byggingu heimilisins í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins og Velferðarráðuneytið. Björn Guðbrandsson arkitekt frá Arkís arkitektum ehf. er arkitekt hússins. Skóflustunga að nýju hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi var tekin 18. júní sl.

Það voru Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og nokkrir íbúar Seltjarnarnesbæjar sem tóku það að sér en skömmu áður undirrituðu ráðherrarnir og bæjarstjóri samning um heimilið að bæjastjórnarskrifstofu Seltjarnarness að Austurströnd 2.

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Nesbíúinn



Tökum öll þátt í Bæjarhátíðinni!

GRÓTTUDAGURINN



30. ÁGÚST




Hinn árlegi Gróttudagur verður
haldinn á Gróttuvelli
laugardaginn 30. ágúst nk.
Dagskrá dagsins er að venju glæsileg:

Dagskráin hefst kl. 10 með æfingaleikjum
yngriflokka, farið verður í ýmsa leiki og
verða Gróttuleikar á milli unglingsflokka.

Dansatriði verður frá fimleikadeild
um kl. 11 og grillaðar pylsur og Svali.

Gróttubúðin verður á staðnum og
miðasala á ballið um kvöldið.



Vitrex

hágæða
útimálning
fyrir íslenskar
aðstæður



Bestun Skrifstofa



Opnunartími:

Virka daga: 08.00 – 18.00
Laugardaga: 10.00 – 14.00

Borgartúni 22 Rvk. - Dugguvogi 4 Rvk. - Dalshrauni 11 Hfj. - Furuvöllum 7 Ak. - slippfelagid.is



Myndin var tekin við undirritun samningsins við Alta. Í fremri röð eru þau Halldóra Hreggviðsdóttir framkvæmdastjóri Alta og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri. Fyrir aftan standa Árni Geirsson ráðgjafi hjá Alta og Þórður Ólafur Búason, skipulagsstjóri bæjarins.

Bæjarbúar taka þátt í endurskoðun aðalskipulags

Íbúar á Seltjarnarnesi munu taka þátt í endurskoðun aðalskipulags bæjarins. Bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum 25. júní sl. að fara í endurskoðun á aðalskipulagi bæjarins enda næstum áratugur liðinn síðan gildandi aðalskipulag var mótað.

Í frétt frá Seltjarnarnesbæ segir að aðalskipulag er eitt mikilvægasta stjórnátaki sem hver sveitarstjórn hafi til að hafa áhrif á margvíslega þróun innan marka sveitarfélagsins til langs tíma. Aðalskipulag og end-

urskoðun þess sé samstarfsverkefni kjörinna fulltrúa, embættismanna og íbúanna í bænum enda kveða skipulagslög á um viðtækt samráð við íbúa. Gengið hefur verið frá samningi við Alta ehf um ráðgjöf við endurskoðunina og er undirbúningur þegar hafinn. Stefnt er að kynningu á verkefninu á næstunni og í september er gert ráð fyrir íbúafundi um málið. Gert er ráð fyrir að endurskoðuninni ljúki snemma á næsta ári. Mikilvægt er að íbúar taki virkan þátt og sýni þessu mikilvæga viðfangsefni áhuga.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bili.



Mössun / snyrting á lakki

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústra kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði

Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Bæjarhátíðin um helgina

Bæjarhátíð Seltjarnarness verður haldin dagana 28. til 31. ágúst nk. Bæjarbúar eru hvattir til að skreyta hús og lóðir í viðeigandi litum en litaskipulag má sjá á umræðuvettvangi bæjarbúa á Fésbókinni undir Íbúar á Seltjarnarnesi. Dagskráin í ár verður fjölbreytt líkt og í fyrra en bæjarbúar láta ekki sitt eftir liggja og taka virkan þátt í dagskránni með ýmsum uppákomum. Veitt verður viðurkenning fyrir best skreytta húsið/lóðina og því er um að gera að taka þátt og gleðja gesti og gangandi þessa daga.

Dagskráin hefst fimmtudaginn 28. ágúst kl: 17 með opnun myndlistarsýningar á bókasafninu. Þar mun Jón Axel myndlistarmaður opna sýningu á verkum sínum. Kl: 18 mun reggiehljómsveitin Ojbarasta stíga á stökk og skemmta bæjarbúum sem öðrum með tónleikum á bókasafninu. Föstudaginn 29. ágúst verður sundlaugarpartý þar sem bæjarbúum er boðið í sund á milli kl 20 og 22. Í boði verður Aqua Zumba sem hitar kroppana vel upp. Vatnaboltar fyrir börnin og Systrasamlagið mun bjóða gestum að kynnst floti, en það hefur slegið í gegn í sumar. Laugardagurinn 30. ágúst samanstendur af fjöri, glensi og gamni. Gróttudagurinn verður haldinn á Suðurstrandarvelli á milli kl: 10 og 12. Íbúar munu bjóða upp á ýmislegt skemmtilegt í götunum. Heyrst hefur að boðið verði upp á vöflur, bílskúrssölur og annað skemmtilegt og eru hverfin hvött til að taka höndum saman og gera góðan dag enn betri. Ingó og Veðurguðirnir munu svo halda uppi fjörinu á Stuðballinu í Íþróttahúsinu á laugardagskvöldið. Forsala miða verður hjá Íslandsbanka Eiðistorgi frá 25. til 29. ágúst á milli kl 9:15 og 16. Verð í forsölu er 2.500 kr. en við inngang 3.500 kr. Hátíðinni lýkur sunnudaginn 31. ágúst með Sigurrósar Samfloti Systrasamlagsins í sundlauginni kl: 10 og sérstök Appelsínumessa verður í Seltjarnarneskirkju kl: 11 þar sem m.a. verður boðið upp á appelsínusafa að lokinni messu og að sjálfsögðu mun kirkjan taka þátt í skreytingakeppninni en litur kirkjunnar er appelsínugulur. Bæjarbúar eru hvattir til að efla bæjarandann og taka virkan þátt í Bæjarhátíðinni 2014.

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og
framhaldshópar
frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá
sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399

Netfang:
gbballett@simnet.is

Heimasíða:
www.gbballett.is



Hrein lífræn næring

- sem gefur hreysti, orku og einbeitingu



Fæst í apótekum, heilsubúðum og öllum helstu stórmörkuðum.

Engin málamiðlun í gæðum - Engin tilbúin efni
Líkaminn tekur upp og nýtir næringuna sem hreina fæðu



græn heilsa

er stoltur styrktaraðili bikarmeistara karla í knattspyrnu 2014

heilsubúð - erum með hjúkrunar- og heilsuráðgjöf

Ægisíða 121 - Sími: 551 1717



Umhverfisviðurkenningar árið 2014

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur í fjölda ára veitt viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur og opin svæði. Einnig hafa verið veittar viðurkenningar fyrir fögur tré. Að þessu sinni hlaut Kjarvalshúsið svonefnda sérstaka viðurkenningu fyrir einstaklega vel heppnaðar framkvæmdir við enduruppbyggingu á húsi og umhverfi þess.



Garður ársins var valinn Bakkavör 8a. Eigandi hans er Helga Kristín Gunnarsdóttir.



Sérstaka viðurkenningu fyrir vandaðan frágang og umhirðu garðs hlutu eigendur Lindarbrautar 25 þau Hildur Guðmundsdóttir og Dýri Guðmundsson og íbúar á Tjarnarmýri 35 til 41.



Sérstaka viðurkenningu fyrir einstaklega vel heppnaðar framkvæmdir við enduruppbyggingu á húsi og umhverfi þess hlutu eigendur Sæbrautar 1 eða Kjarvalshússins þau Ingunn Benediktsdóttir og Högni Óskarsson.



Tjarnarmýri 35 til 41.



Hringbraut 119
Sími: 562 9292

NES FRÉTTIR
Auglýsingasími:
511 1188



Tré ársins var valin selja sem stendur fyrir framan hús eigendanna Rósu Halldórsdóttur og Vilhjálms Smára Þorvaldssonar að Tjarnarmýri 14.



Viðurkenningu fyrir uppert hús á Seltjarnarnesi fengu eigendurnir Rósa Björg Helgadóttir og Úlrik Arthúrssón.



Líður þér illa í hjartanu?
1717
opinn - trúnaður - ókeypis + Raubi kross Íslands



Rótarýklúbbur Seltjarnarness hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir endurgerð á bryggju í Gróttu, en klúbburinn hefur um árabíl haft frumkvæði að uppbyggingu og verndun húsa og mannvirkja á svæðinu.



Verðlaunahafar ásamt fulltrúum frá Umhverfisnefnd Seltjarnarness.

Fjölmenni á sumarnámskeiðunum

Sumarnámskeiðin á vegum Seltjarnarbæjar voru afar fjölmenn og ævintýraleg þetta sumarið. Eins og seinustu ár samanstanda námskeiðin af þrenns konar námskeiðum; Leikja- og ævintýranámskeið, Survivornámskeið og ekki má gleyma smíðavellinum góða.

Leikja- og ævintýranámskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 6 til 9 ára og voru alls fjögur í sumar þar sem hvert námskeið stóð yfir í tvær vikur. Hvert námskeið var ólíkt og var mikill metnaður lagður í fjölbreytta og skemmtilega dagskrá og var hún unnin út frá fjórum mismunandi þemum. Þemur sem unnið var með í sumar voru; ævintýra-, náttúru-, vatns-, og heimshornþema. Survivor námskeiðin hafa aldrei verið jafn vinsæl og í ár en þau námskeið voru í boði fyrir 10-13 ára börn. Námskeiðin heppnuðust mjög vel og var ýmislegt brallað. Útilegur Survivor námskeiðanna standa þó alltaf upp úr og hafði rigningin lítil áhrif á það.

Kofarnir spruttu upp á smíðavellinum

Kofarnir spruttu upp á smíðavellinum þrátt fyrir marga rigningadaga. Smíðavellirnir eru ætlaðir börnum 8 ára og eldri og var virkilega skemmtilegt að fylgjast með hinum ýmsu gerðum af kofum verða hægt og rólega til. Starfsfólk



leikjanámskeiðanna þakkar bæði þeim börnum sem sóttu námskeiðin í sumar og foreldrum þeirra fyrir frábært sumar og vonast eftir að sjá öll þessi vinalegu andlit að ári liðnu.



Dansskóli Birnu Björns

Kennsla hefst 8. september
Skráning á www.dansskolibb.is

Strákatímar!

Hinn frábæri og hæfileikaríki Javier Fernandez sér um break og hiphop kennslu fyrir stráka á öllum aldri. Frábærir tímar stútfullir af nýjungum!



30+ JAZZ!

Mjög vinsælir tímar í gegnum árin hjá okkur. Hér hittast gamlir dansnemendur og dansa og hlæja saman. Freestyledansar, jazz, modern, street, bollywood ofl. Frábæri félagskapur. Kennarar Guffa og Vaka

Mikið um að vera

Hjá okkur er alltaf eitthvað um að vera. Kennarar hafa reglulega þema-dansæfingar, svo eru smærri sem og stærri sýningar yfir árið, stór danskeppni og utanlandsferð!

Danskeppni
Dansworkshop
Nemendasýningar
Opnir tímar
Sýningarflokkur
Dansferð
Gestakennarar

Flottir dansarar!

Dansskóli Birnu Björns er meðal stærstu dansskóla landsins og eru nemendur á öllum aldri, stelpur og strákar.

Dansnám 2x í viku 32.500.-
Dansnám 3x í viku 42.000.-
Jazzleikskóli 1x í viku 15.900.-
Break/hiphop 1x í viku 19.500.-
30 plús jazz 1x í viku 19.500.-
30 plús jazz 2x í viku 32.500.-

*Aðgangur að tækjasal Sporthússins er í boði fyrir 16 ára og eldri.

Við erum nálægt þér

Dansskóli Birnu Björns leggur metnað í að bjóða nemendum uppá danskennslu nærri þér, til að auðvelda nemendum og foreldrum ástundun dansnámsins:

Vesturbær: Seljavegi 2
Árbær: Selásbraut 98
Kópavogur: Dalsmára 1
Garðabær: Íþróttahúsið við Ásgarð
Hafnarfjörður: Íþróttahúsið við Strandgötu



Viðtal við Jóhannes Ingimundarson

Ég hef alltaf þurft að gera eitthvað með höndunum

Jóhannes Ingimundarson spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Hann er fæddur og uppalin á Seltjarnarnesi, sonur Ingimundar Helgasonar sem mörgum er að góðu kunnur sem lögreglumaður á Nesinu til fjölda ára og Svövu Björgólfs. Brynhildur móðuramma hans var síðari eiginkona Jóhannesar Jósefssonar sem löngum var kenndur við Hótel Borg. Hann var því kjörafi Jóhannesar en andaðist þegar drengurinn var á unga aldri. Jóhannes fluttist til Danmerkur þar sem hann nam sjóntækjafræði en hefur búið í Reykjavík og nú síðast í Garðabæ. Jóhannes hefur starfað við fag sitt eftir að hann kom frá námi, rekið verluð í Kringlunni og nú síðast Gleraugnabúðina í Mjódd í Breiðholti þar sem hann verslar með gleraugu en einnig skófatnað frá Finnlandi. Hann vikur talinu fyrst að æsku sinni og uppvexti á Seltjarnarnesi.

„Ég vildi að ég ætti fleiri minningar um Jóhannes afa. Systur mínar eru eldri en ég og muna hann vel. Hann var eitt af athafna-skáldum þess tíma og þjóðsagnapersóna. Ég man hins vegar ágætlega eftir ömmu minni. Hún bjó á neðri hæðinni við Vegamótin þar sem við áttum heima. Ég var mikið með ömmu og við vorum mjög nán. Ég er líka mjög tengdur Nesinu og flutningur minn þaðan kom alls ekki til af því að mér líkaði ekki við bæinn þar sem ég ólst upp og gekk í skóla. Ég var í sama bekknum í Mýró og hjá sama kennaranum frá sex ára aldri og til 12 ára aldursins að við fórum yfir í Való. Þá riðlaðist hópurinn eitthvað en ekki verulega. Seltjarnarnes er svo lítið samfélag að fólk þekktist og mér fannst að mörgu leyti gott að alast upp í þessu umhverfi. Og auðvitað þekktu allir mig ef að mér varð á að gera prakkastrirk. Strákurinn með ljósa hárið og auk þess sonur Ingimundar löggu.“

Týndum dót á „öskuhaugunum“

Þegar Jóhannes lítur til baka er ljóst að hann gjörþekkir umhverfið á Nesinu og þá einkum austantil



Jóhannes Ingimundarson ásamt sonum sínum.

þar sem bernskusporin liggja. „Mýrarnar voru enn óbyggðar þegar ég var að alast upp. Þetta var ein stór alvöru mýri með mýrarargróðri og mófuglum og hreint ævintýrasvæði fyrir krakka til þess að búa sér til leiki. Á veturna fraus vatnið í skurðunum og við krakkarnir fórum á skauta. Og svo var það peningafjaran. Við fórum mikið niður í fjöru og fundum þá gjarnan peninga – smámynt og ýmiskonar glingur. Þarna voru sorp- eða öskuhaugar eins og þeir voru kallaðir og ýmislegt sem lent hafði þangað á árum áður var að koma í leitirnar. Þetta vakti óskipta athygli okkar krakka og við fórum gjarnan og týndum dót þegar fjaraði úr en flóðið skolaði ýmsu á land. Þetta var mikið ferðalag fyrir stutta fætur – að hoppa yfir skurðina í mýrinni og fara út í fjöru. Í svoliðis ferð gat farið heill dagur.“

Eins og að vera út í sveit

Jóhannes segir að alast upp við mýrina hafi verið eins og vera út í sveit. „Mýrin var óbyggð og lítil byggð var farin að rísa á svæðinu fyrir vestan okkur. Byrjað var að byggja hús við Sæbrautina og Sólbrautina og þeim fylgjaði með tímanum. Fjölbýlin við Tjarnarból voru nýbyggð og þar hafði barna-

armörkin til þess að sinna ýmsum erindum. Verslaði til dæmis alltaf í Bónus þegar verslunin var í gömlu Ísbjarnarhúsunum. En svo lagði ég nokkra lykkju á leiðina og fór til Kaupmannahafnar til þess að stunda nám. Ég hafði alltaf gaman af því að gera eitthvað með höndunum og þá helst að fást við smáhluti. Ég var ágætur í millimetramálinu en minna fyrir stærri hluti. Ég var lengi að velta fyrir mér hvað ég ætti að taka mér fyrir hendur í námi og alltaf var hugsunin um að geta notað hendurnar í fyrirrúmi. Á endanum varð optikerinn eða sjóntækjafræðin fyrir valinu. Ég var ekki alltaf að viðurkenna fyrir félögum mínum að mig langaði til þess að vinna með höndunum en ég fann fljótt eftir að ég byrjaði í náminu að þetta á vel við mig.“

Danska og hjólreiðar

En hvernig kom Kaupmannahöfn ungum Nesbúa fyrir sjónir. „Ágætlega. Kaupmannahöfn átti vel við mig. Aðalmunurinn var að flytja með unga dóttur sem koma þurfti í leikskóla og síðar barnaskóla. Það var alltaf mikið um að vera og margt hægt með börnum. Og danskan kom fljótlega. Ég ákvað að leggja eyrun strax eftir henni. Framburður Dana er okkur dálítið framandi jafnvel þótt við getum lesið dönsku. Mikil enskuáhrif eru í Danmörku og nánast hægt að lifa þar án þess að tala dönsku en mér fannst það ekki alveg passa fyrir Íslending. Og svo komu hjólreiðarnar til sögunnar. Hér heima átti ég tvo bíla en þegar kom til Kaupmannahafnar var reiðhjólíð tekið í gagnið. Ég var fljótur að komast upp á lag með að hjóla en þegar ég flutti út hafði ég ekki stigið á hjól í áratug. Þetta var alger kúvending í lífnaðarháttum en ég hafði gott af henni.“

Danir lifa öðruvísi

Jóhannes segir Dani lifa allt öðruvísi en við. „Þeir eru nægjusamari. Eyðslusemin og neysluhyggjan er þeim ekki eins í blóð borin og ég finn að ég bý að þessu í dag. Ég á reiðhjól og nota það mikið en þar sem ég á tvo litla stráka kemst ég ekki hjá því að eiga bíl.“ Jóhann-

Vildi gera eitthvað með höndunum

Jóhannes fór þó ekki langt frá Nesinu í byrjun. Færði sig fremur fet fyrir fet. „Nei – ég fór ekki langt. Ég flutti fyrst á Boðagrandann þar sem ég eignaðist mína fyrstu íbúð. Þetta er ekki annað en steinsnar frá Nesinu og ég fór út fyrir bæj-



Æskufélagarnir Jóhannes Ingimundarson, Sigurður Arnarsson og Lýður Guðmundsson.

es segir að að fáir hafi verið á hjóli þegar hann hafi flutt heim frá Kaupmannahöfn árið 2000. „Íslendingar voru ekki mikið fyrir að hjóla enda aðstaðan ekki eins góð og í Danmörku þar sem allt er flatt. En þetta er mjög breytt. Reiðhjólamenningin hefur haldið innreið sína hingað. Við hjólum þó ekki alveg eins og Danir. Þeir stíga bara á hjólið í sínum daglegu fötum hvort sem það eru jakkaföt eða fatnaður sem hentar öðrum daglegum störfum. Hér þarf fólk helst að eiga sérhannaðan reiðhjólábúning – kannski einn fyrir vetur og annan léttari fyrir sumur. Þetta er auðvitað alger vitleysa en eins og margt annað hér. Íslendingar þurfa að taka allt með stæl.“ Jóhannes starfar í Mjóddinni í Breiðholti og býr um þessar mundir í Garðabæ. Hann segist oft hjóla úr Garðabænum inn í Mjódd. „En ég verð að viðurkenna að óvíst er og ekki líklegt að ég væri á hjóli ef ég hefði ekki búíð í Danmörku.“

Óbrjótanleg gleraugu

Fremur sólríkt var daginn sem Jóhannes heimsótti Nesið til þess að spjalla við tíðindamann Nesfrétta og gekk hann með sólgleraugu þann daginn. Hann tók gleraugun niður og fór að útskýra í hverju starf sjóntækjafræðingsins væri fólgið. Sjónmælingum á fólki og síðan að finna út gler og sam-

setningu sem mæti þörfum hvers og eins. „Ég fór strax að starfa í faginu þegar ég kom heim. Ég var um tíma í Linsunni í Aðalstræti en er flutt á Skólavörðustíg. Síðan var ég með verslun í Kringlunni í um fimm ár. Ég seldi svo verslunina þar og við fluttum okkur – ég og starfsfólk-ið í Mjóddina í Breiðholti.“ Jóhannes segir að ákveðin þróun eigi sér stöðugt stað í sjóntækjafræðunum og gerð gleraugna. „Gleraugu eru alltaf að verða betri og betri. Betri efni eru að koma fram og nú er nánast hægt að fá gleraugu sem eru óbrjótanleg – jafnvel með öryggis-gleri sem brotnar ekki. Það skiptir líka öllu máli að glerin séu slípuð rétt til þannig að miðja glers sé nákvæmlega fyrir framan augastein viðkomandi og eins skiptir hæð í margskiptum glerjum ótrúlega miklu máli til að glerin nýtist sem best.“

Nákvæmnin er fyrir öllu

Jóhannes segir margar gerðir til af margskiptum glerjum. „Maður velur ekki sömu gler fyrir þann sem vinnur á skrifstofu allan daginn og þann sem vinnur við að keyra bíl svo dæmi sé tekið. Það þarf að taka mið af þörfum hvers og eins og haga glerjavali eftir því. Nákvæmnin skiptir líka öllu máli. Það þarf að mæla allar aðstæður og alltaf þarf að finna bestu virkn-

ina. Svo eru gleraugu líka tískuvara. Þau verða hluti af persónuleika fólks sem notar þau að staðaldri. Núna er „afalúkkið“ allsráðandi. Stór gleraugu – gjarnan svört sem hylja stærri hluta af augnumgjörðinni en til dæmis málmspangargleraugu gera. Málmurinn hefur verið á undanhaldi. Annars er spurning hvað kemur næst. Þetta er eins og með alla tísku. Straumarnir koma aftur og aftur en stundum í breyttri mynd. En þetta er samt alltaf sannkölluð millimetravinna.“

Stígvélabúðin Nokian

Footwear

Jóhannes lætur gleraugnagerð og sölu ekki nægja heldur opnaði

hann aðra verslun til hliðar við gleraugnabúðina. Og þar eru allt önnur efni og aðrar vörur á ferðinni. Þar er gúmmíð í fyrirrúmi. „Þetta fer ágætlega saman,“ segir Jóhannes aðspurður. „Ég er með það stórt rými að mér fannst ég þurfa að nýta það betur. Ég fór því að þreifa fyrir mér um hvað gæti hentað þarna og opnaði síðan aðra verslun hér fyrir um þremur mánuðum. Ég er þar með vörur frá Nokian – alla línuna frá gömlu góðu gúmmístígvélunum til hátískuskófatnaðar fyrir dömur og herra. Þetta hefur vakið athygli og fólki lýst vel á. Það er virkilega gaman,“ segir Jóhannes Ingimundarson sjóntækjafræðingur og fyrrum Nesbúi.“



Birna með strákunum í Pollapönk fyrir Kaupmannahafnarferðina á liðnu vori.

Mikið að gera hjá Dansskóla Birnu Björns


Mikið hefur verið um að vera hjá Dansskóla Birnu Björns. Á síðustu önn var hin árlega danskeppni Dansfárið haldið en yfir 100 nemendur tóku þátt. Nemendasýningar skólans voru í Borgarleikhúsinu og þemað var Ævintýri. Allir nemendur tóku þátt í þessari fögru og glæsilegu sýningu.

Sögumaður sýningarinnar var Selma Björnsdóttir og má segja að þetta hafi verið mikil leikhúsupplifun fyrir gesti og nemendur. Birna fór í Eurovision með Pollapönk og sá um sviðshreyfingar þeirra á svið-

inu í Kaupmannahöfn. Þann 17. júní voru margir nemendur skólans að dansa á stóra sviðinu á Arnarhóli. Þeir dönsuðu m.a. með Gunna og Felix. Nemendur og kennarar skólans tóku þátt í Ball out of hell stórtonleikum í Hörpu. Núna í haust opnaði skólinn glæsilega nýja vefsíðu. Þar má sjá myndir úr starfi, upplýsingar um dansnámið, kennarara, stundarskrá ofl skemmtilegt. Á döfinni er síðan dansworkshop – Hrekkjavökuvika – jólasýning – danskeppni og margt fleira skemmtilegt.

UMHVERFISHORNID

Plast fljótandi á heimshöfunum kortlagð



Plast í heimshöfunum, Atlantshaf fyrir miðju

Í grein á National Geographic segir frá því að sjávarlífræðingurinn Andres Cozar Cabañas og rannsóknarteymi hans hafi lokið við fyrstu kortlagningu plastúrgangs sem flýtur um á heimshöfunum í milljónavís, í fimm stórum hringiðum. Afrakstur vinnu þeirra var birtur nú í júlímánuði í Proceedings of the National Academy of Sciences

En það var eitthvað við niðurstöðuna sem passaði ekki. Magnið var minna en búist var við, sé miðað við gríðarlega aukningu á framleiðslu plasts í heiminum. Ástæðuna er þó ekki að rekja til þess að plastið hafi hreinlega gufað upp heldur er reiknað með að það sem ekki hefur brotnað niður í örsmáar einingar, svokölluð hafmeyjartár og haft þannig geigvænleg áhrif á lífríki sjávar, bæði vegna efnisumfangaðs plastsins og eitrunar út frá því, hafi sokkið niður í djúp hafsins og sé því ekki lengur sýnilegt á yfirborði sjávar.

Það er þó ekki þar með sagt að það sem flýtur um á heimshöfunum sé í litlu magni, síður en svo. Kortlagningin leiðir einungis í ljós, eins og svo margar rannsóknir, að við vitum svo lítið, getum mælt svo lítið, sérstaklega þegar að það er horfið sjónum okkar í orðsins tvöföldu merkingu.

Höfum þetta í huga næst þegar við ákveðum hvort við þurfum plast eða ekki.

Plast er talin vera ein mesta umhverfisváin í dag. Umhverfisnefnd Sel-tjarnarness hvetur bæjarbúa til að draga úr notkun á plastumbúðum.

Heimildir: Guðrún Arndís Tryggvadóttir, National Geographic.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.

Bæjarins Bestu pylsur



Nú erum við að selja pylsur á
Eiðistorgi alla virka daga frá
kl. 10:00 - 22:00.

Takk fyrir frábærar viðtökur.



Anders Fogh ásamt fylgdarmönnum skokkar á Norðurströnd á Seltjarnarnesi fyrir í þessum mánuði.

Anders Fogh Rasmussen framkvæmdastjóri NATO og fyrrum forsætisráðherra Danmerkur dvaldi hér á landi dagana 13. til 14. ágúst sl. Rasmussen átti fundi með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, forsætisráðherra Íslands og Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra þar sem ýmis málefni veraldarinnar bar á góma.

En framkvæmdastjórinn tók sér fleira fyrir hendur eða öllu heldur

fætur meðan á Íslandsdölinni stóð. Hann er þekktur útivistarmaður og brá undir sig betri fætinum að morgni þess 14. ágúst og skokkaði á Norðurströnd á Seltjarnarnesi. Fréttin og myndin er fengin af facebook-síðu framkvæmdastjórans þar sem hann skrifaði m.a. um skokk á Íslandi snemma dags áður en haldið var til Noregs en hann fór héðan til Noregs að loknum síðari degi sínum hér á landi.

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Stofnað 1952

Skapandi síðsumar

Viridan - vegan vítamín án "nastis."	Manduka jógaðýnur af bestu gæðum!	Dr. Bronner stórkostlegu sápurarnar.
Hrein og ómenguð vítamín og bætiefni sem virka.	Ferða- og heimaðýnur. 4 tegundir.	Fyrir þig og þína og þvottavélina. Þú ræður.
ENGIN FYRIRSTAÐA!	NÝ SENDING!	NÚ Í STÓRU!

PRANCING LEOPARD: Gullfalleg fót sem hægt er að hreyfa sig í.

360° lífræn, sterk og sanngirnissvottuð.

ÞETTA ER FRAMTÍÐIN!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 5116367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16



Fréttir úr starfi Nesklúbbsins



Arnar, Magnús, Steinn Baugur, Kristinn Arnar og Jón hampa verðlaunum sínum í blíðunni. Ljós. HÓ

Elsta opna golfmót landsins

17. ágúst s.l. var opna Coca Cola golfmótið haldið í 51. skiptið.

Þetta elsta opna golfmót á Íslandi hefur verið haldið óslitið frá 1964, en eins og allir vita var Pétur heitin Björnsson forstjóri Vífilfells aðal driffjórðurin við stofnun Nesklúbbsins. Stuðningur fyrirtækja við starf-

semi golfklúbba verður seint ofmetinn en samstarfið við Vífilfell er frábært dæmi um slíkan stuðning, sem ber að þakka.

Sigurveggarar í mótinu urðu Steinn Baugur Gunnarsson og Magnús María Sigurðardóttir, en önnur úrslit má sjá á nkgolf.is



Ljós. GJO/nærmynd

Helga Kristín Einarsdóttir hefur blómstrað í sumar

Fimmta og næst síðasta mótið á Íslandsbankamótaröðinni fór nýlega fram á Akureyri. Í flokki stúlkna 17-18 ára gerði Helga Kristín Einarsdóttir úr NK sér lítillit fyrir og sigraði í mótinu með yfirburðum.

Mótið var það 5. í röðinni af 6

á mótaröðinni og er þetta þriðja mótið þar sem Helga ber sigur úr býtum en í hinum tveimur hefur hún orðið í þriðja sæti. Óhætt er að segja að öflugt barna- og unglíngastarf klúbbsins sé hér að bera góðan ávöxt.



Kristján Þór Einarsson GKJ, Rannveig Tryggvadóttir frá Styrktarfélagi barna með einhverfu og Caroline Lefort fulltrúi DHL. Ljós. GJO/nærmynd

Einvígið á Nesinu

Styrktar- og sjónvarpsmótið Einvígið á Nesinu var haldið í 18. sinn á Nesvellinum á frídegilverslunarmanna.

Eins og ævinlega voru 10 af bestu kylfingum landsins saman komnir til þess að keppa á þessu skemmtilegasta móti ársins að mati bæði keppenda og áhorfenda. Á fjórða hundrað manns fylgdust með frá-

bærum tilþrifum kylfinganna sem lauk með sigri Kristjáns Þórs Einarssonar úr Golfklúbbum Kili í Mosfellsbæ.

Óumdeilanlegur sigurvegari dagsins var síðan Styrktarfélag barna með einhverfu sem hlaut eina milljón króna í styrk frá DHL, sem verið hefur styrktaraðili mótsins frá upphafi.



Fjöldi manns fylgdist með skemmtilegri keppni. Ljós. GJO/nærmynd



Ljós. GJO/nærmynd

Kríur komu ungum á legg

Kríuvarp heppnaðist mun betur á Suðurnesi í ár en nokkur undanfarin. Það var sérlega gleðilegt að fylgjast með því að fjöldi unga komst á legg og varð fleygur þrátt fyrir að nokkuð bæri á ágangi kjóa síðustu vikurnar.

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Vöflukaffi / kynning á vetrarstarfinu í Félagsheimili Seltjarnarness þriðjudagurinn 2. september kl. 15.

Það er orðið árvissat að bjóða í vöflukaffi og kynningu á vetrarstarfi félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi í upphafi vetrarannar.

Í vetur verður fjölbreytt dagskrá þar sem allir sem áhuga hafa á félagsstarfi og tómstundum ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Reynt er að halda svipuðu sniði og undanfarnin misseri á fastri dagskiptri dagskrá þó alltaf komi eitthvað nýtt inn og annað falli út. Það er kaffihittingur alla morgna á Skólabrautinni kl. 10. 30, þar sem allir eru velkomnir. Handavinnan verður tvisvar í viku ásamt ýmsum námskeiðum sem verða í boði; leir og list, gler, bókband og bókmenntanámskeið. Einhvers konar hreyfing er í boði alla daga eins og sund, ganga, leikfimi og botsía. Það verður sungið, haldin skemmtikvöld, borðað saman og dansað, spilað bingó, félagsvist og lomber og horft á kvikmyndir. Timburmenn og bragðlaukar hittast, góð samvinna er með félagsstarfinu og kirkjunni, bókasafninu, tónlistarskólanum og Selinu og

fáum við örugglega að njóta framlags frá þeim í vetur. Farið verður í ferðalög, leikhús og ýmislegt fleira.

Unga fólkið okkar á Nesinu sá um skipulag félagsstarfsins með eldri bæjarbúum í sumar. Þau Hannes, Særós og Tómas voru í forsvari þetta árið. Boðið var upp á tölvunámskeið, göngur, ýmsa leiki og annarskonar skemmtan. Almenn ánægja er með þetta samstarf og um leið og við þökkum samveruna í sumar þá hugsum við með tilhlökkun til vetrarsamvinnunnar, en eins og undanfarna tvo vetur verður samvera yngri og eldri í félagsmiðstöð unga fólksins Skelinni síðasta miðvikudag í mánuði kl. 20.00 og eru allir hjartanlega velkomnir. Þeir sem eiga góðar hugmyndir eða tillögur að dagskrárlíðum, eða hafa tengsl við menn eða málefni sem gaman væri að bjóða uppá, endilega komið þeim á framfæri við forstöðumann.

Vinum saman að því að gera starfið fjölbreytt og skemmtilegt.

ÖKUM VARLEGA! Skólarnir eru að byrjaðir!



SJÓVÁ



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Reykjavík Apótek

Gróður á Seltjarnarnesi

Lóðareigendur á Seltjarnarnesi sem eiga gróður að gangstéttum og göngustígum, vinsamlega klippið eða sjáið til þess að klipptur verði gróður við lóðarmörk, svo bæjarbúar geti gengið hjá án hindrunar og hættu.



Með visemd
Jón Ingvar Jónasson, bæjarverkstjóri

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



17 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s. 690 3111



RE/MAX
LIND



Akureyri og Dana Cup

Í 4. flokki kvenna hjá Gróttu/KR æfa 37 stelpur undir stjórn þeirra Magnúsar Arnar og Bojónu Besic. Yngra árið fór með tvö lið á Coca Cola mótið á Akureyri sem haldið var seinni partinn í júlí. A-liðið komst í A-úrslit þar sem leikið var við A-lið Þórs, HK og KA en B-liðið lék í B-úrslitum.

Stelpurnar sýndu frábæra takta allt mótið og áttu í fullu tré við stelpur sem margar voru árinu eldri. Margt skemmtilegt var gert utan fótboltans, meðal annars farið í sund og lokakvöldið var ball í Sjallanum sögufræga í miðbæ Akureyrar. Alls héldu 13 stelpur á eldra árinu til Danmerkur nokkrum dögum síðar á stórmótið Dana Cup þar sem 20 þúsund ungmenni frá öllum heimshornum koma saman og spila fótbolta. Gróttu/KR-stelpurnar höfnuðu í 2. sæti riðilsins og léku við sænska stórlíðið Piteå IF í 32-liða úrslitum. Þar léku stelpurn-



Hressar stelpur á Dana Cup.

ar af Nesinu og Vesturbænum við hvurn sinn finger og sigruðu 2-0 og komust í 16-liða úrslit sem voru spiluð seinna sama dag. Þar virtist orkan uppurin en glæsilegur árangur engu að síður. Öll ferðin gekk frábærlega og var andinn í hópnum magnaður.

Mikil þátttaka í handbolta- og afreksskólanum

Mikil þátttaka var í handbolta- og afreksskóla Gróttu í ár. Nokkuð á annað hundrað krakkar voru skráðir til leiks og stjórnendur skólans voru Arndís María Erlingsdóttir og Davíð Örn Hlööversson auk þess sem fleiri góðir leiðbeinendur og gestaþjálfarar voru þeim til halds og trausts.

Námskeiðin fóru fram í íþróttahúsi Seltjarnarness en stóri salurinn og litli salurinn voru báðir notaðir

undir æfingarnar. Handboltaskóli Gróttu er hugsaður fyrir börn fædd 2008 og fyrr eða þau börn sem færu í 1. til 6. bekk næsta vetur. Auk þess var haldinn sérstakur afreksskóli fyrir þá sem eru að fara í 7. til 10. bekk næsta vetur. Æfingarnar í handboltaskólanum eru byggðar þannig upp að leikir og ýmsar æfingar eru teknar fyrir fyrri hluta dags, en eftir nestistímam er farið meira í spillikar æfingar, hraðaupphlaup og spil.

Stuð á Símamóti

Símamótið var haldið helgina 17. - 20. júlí í Kópavogi þar sem 7-12 ára stelpur frá öllum helstu félögum landsins mættu galvaskar til leiks. Gróttu sendi tvö lið til keppni í 5. flokki og tvö lið í 6. flokki að þessu sinni og stóðu Gróttustúlkurnar sig með stakri þrýði.

A-lið 6. flokks fór hamförm seinni tvo dagana og tryggði sér bikar eftir góða sigra á liðum á borð við Fjölni, ÍR/Leikni og Víkingi2. B-lið 6. flokksins átti einnig flotta spretti en liðið byrjaði í lágum styrkleikaflokki og vann sig upp alla dagana. Stelpurnar í 5. flokki voru einnig í stuði en A-liðið byrjaði í of lágum styrkleikaflokki og vann sig upp eftir því sem leið á mótið. Stelpunum í B-liðinu tókst að vinna tvo leiki á mótinu en upp úr stendur gríðarleg barátta og stórstígar framfarir eftir því sem leið á helgina. Góðu Símamóti lokið hjá Gróttustelpunum en mótið er án nokkurs vafa mikil og jákvæð upplifun fyrir framtíðar knattspyrnukonur þessa lands og foreldra þeirra ekki síður.

Gróttukrakkar á Spáni



3. flokkur karla á Spáni.

Strákarnir í 3. flokki Gróttu héldu í júlí á alþjóðlega knattspyrnumótið Costa Blanca Cup sem haldið er á Benidorm. Alls fóru 26 drengir í ferðina og sendi Gróttu 15 ára og 16 ára lið til leiks. Eftir mörg dramatísk augnablik í riðlakeppninni enduðu bæði lið í B-úrslitum en 15 ára liðið fór alla leið í úrslitaleik B-úrslitanna.

Þar urðu Gróttumenn að játa sig sigraða 3-2 gegn sterku liði Toledo í rafmagnuðum spennuleik. Stelpurnar í 3. flokki Gróttu/KR tóku þátt í Barcelona Cup í vikunni á undan. Mótið er nýtt af nálinni og ekki mörg lið í hverjum aldursflokki. Gróttu/KR-stelpurnar léku marga

flotta leiki við bæði 2. og 3. flokks lið á frábærum völlum í nágrenni Barcelona og enduðu í 2. sæti í 3. flokks keppninni. Í báðum ferðum heimsóttu krakkarnir strandir og skemmtigarða og var stemningin góð frá morgni til kvölds. Það er gríðarleg reynsla fyrir unga knattspyrnumenn og -konur að keppa við suðræn lið í steikjandi hita undir eftirliti dómara sem flauta við minnstu snertingu. Það er líka óhætt að segja að ferðirnar hafi eflt lífsandann og að allir hafi komið heim með dýrmætar minningar í farteskinu, jafnt leikmenn, þjálfarar og fararstjórar.



3. flokkur kvenna Gróttu/KR á Spáni.



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170



„Sundbolti“ á N1-móti

N1-mótið var haldið á Akureyri dagana 2. til 5. júlí en það er „heimsmeistarakeppni“ 11 til 12 ára stráka á Íslandi. Gróttu tefldi fram fjórum liðum og var spilaður skemmtilegur og góður fótbolti alla helgina.

Þó svo að rigningin hafi á köflum verið ansi mikil þá var ekki að sjá að Gróttukapparnir ungu væru að missa þróttinn. Menn skelltu sér einfaldlega í regngallann undir keppnisbúninginn og áfram var haldið að spila. D-liðið fór alla leið í 8-liða úrslit þar sem okkar menn töpuðu fyrir Fylki í æsispennandi leik. Herslumuninn vantaði oft hjá A-liðinu en strákarnir töpuðu þremur spennandi leikjum með einu marki. Brekkan var brött í mörgum leikjum B-liðsins en mikil reynsla fyrir Gróttustrákana sem allir voru á yngra ári. Framfarir liðsmanna E-liðsins hafa verið gríðarlegar á tímabilinu og á köflum sýndum strákarnir sannkallaðan samba-bolta í rigningunni á Akureyri.

www.grottasport.is

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Ásta Sigvaldadóttir, verkefnastjóri Íþróttafélagsins Gróttu en laugardaginn 30. ágúst verður inn árlegi Gróttudagur á Gróttuvelli. Þar kemur Gróttufólk og velunnarar saman, grilla pylsur og skemmta sér og öðrum. Um kvöldið verður svo hið árlega Stuðball í Hertz höllinni og að þessu sinni eru það Ingó og Veðurguðirnir sem leika fyrir dansi.

Fullt nafn? Ásta Sigvaldadóttir.

Fæðingard. og ár? 18. janúar 1971.

Starf? Verkefnastjóri Íþróttafélagsins Gróttu.

Farartæki? Toyota Land Cruiser.

Helstu kostir? Jákvæð og úrræðagóð.

Eftirlætis matur? Hrossalund með béarnaise sósu.

Eftirlætis tónlist? Kaleo.

Eftirlætis íþróttamaður? Guðjón Valur Sigurðsson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Grey's Anatomy.

Besta bók sem þú hefur lesið? Gamlinginn sem fór út um gluggan.

Uppáhalds leikari? Scarlett Johansson.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? We are the Millers.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Ferðast með fjölskyldunni og líkamsrækt.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Ásbyrgi og Hljóðaklettur.



Hvað metur þú mest í fari annarra? Heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta? Hillary Clinton.

Uppáhalds vefsíða? grottasport.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Gott veður þar sem ég á afmæli í janúar.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Fara með fjölskylduna til útlanda.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Byrja á stækkaun Íþróttamiðstöðvarinnar.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að bæta mig sem einstakling og sigrast á hindunum sem verða á lífsleiðinni.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Ferðast með fjölskyldunni.



Nesstofa - Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Opið daglega frá
14. júní - 31. ágúst
kl. 13-17.

Nesstofa er hluti af húsasafni
Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:
í síma 595 9100 eða 530 2200
www.thjodminjasafn.is


ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland


Gerðu góðverk í dag

907 2002

 Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



Hringbraut 119
Sími: 562 9292



göðgæti frá Jóa Fel

Brauð, kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Fögnum hausti með góðu bakkelsi frá Jóa Fel.

Bakaríið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut